

## Skólaráðsfundur 20.1.2021

Mættir eru Þuríður, Björg Sigrún, Embla María, Fiona, Guðrún Helga, Sölvi, Líney, Hrefna og Erla, Svanhildur boðaði forföll.

1. Fjárhagsstaða skólans - ÞÓ kynnti fjárhagsstöðuna, við fórum yfir um 10 milljónir og gerð var hagræðingarkrafa upp á 7 milljónir sem er erfitt að verða við á fyrstu árum skólans. Covid hefur tekið sinn toll upp á ca 5 milljónir. Innkoma af seldu fæði á eftir að koma inn ca 4 milljónir. Rekstraráætlun fyrir næsta ár er svipuð og í ár, ekki gerð hagræðingarkrafa og með auknum nemendafjölda ætti reksturinn að ganga betur. Það þarf að huga vel að bekkjarstærðum næsta vetur og nýta mannauðinn sem best. Það kemur til greina að óska eftir aukafjármagni vegna Valversins þannig að það fái stöðu sérdeildar, þar eru bæði kostir og gallar og þarf að ígrunda vel.
2. Skóladagatal 2021-2022. ÞÓ kynnir drög að skóladagatali sem á eftir að leggja fyrir kennarafund. Það verða lagðar til tvær tillögur A og B og fá kennarar að velja á milli. Eftir að kennarafundur er búinn að samþykkja skóladagatal þá fer það fyrir Skólaráð til samþykktar. Í tillögu A er foreldrasamráð tvo seinni parta í október og í staðinn er frí 20. des. Í febrúar er einnig foreldrasamráð tvo seinni parta og frí á mótí 21. feb. Í tillögu B er heill dagur undir foreldrasamráð á hvorri önn og ekki frí 20. des og 21. feb. Í báðum tillögum er gert ráð fyrir árshátíð nemenda 7. apríl og gert ráð fyrir því að kennarar mæti og er það reiknað sem tvöfaldur dagur og frí á mótí 8. apríl. Kennarar hafa tök á að koma með fleiri tillögum og svo er kosið um tillögurnar.
3. Önnur mál
  1. Spurt um skápana - nemendur eru orðnir óþreyjufullir að fá skápa. Svárið er að þeir koma ekki á þessu skólaári. Það þarf að fá sérstaka fjárveitingu fyrir því. Það er búið að hanna skápana og finna staðsetningu. Einnig kom fram frá foreldri að skólatöskur eru svakalega þungar og spurning hvort ekki er hægt að leysa það - þurfa kannski ekki að vera læstir skápar fyrir námsbækur. Væri hægt að hafa einhverskonar skúffuskápa til bráðabirgða sem þau gætu geymt bækurnar í á milli tíma og jafnvel á milli daga. Kom fram að það eru skúffur inni í enskustofum þar sem þau eiga að geyma enskubækurnar en þau gera það ekki öll. Við þurfum að finna lausn. Er gott að halda áfram að pressa á skápana. Kom fram að það eru nokkrar stofur sem eru með skúffuskápa þar sem bækur eru geymdar.
  2. ÞÓ ræddi um sprengingar sem eru búnar að vera í hverfinu á skólatíma. Örfáir sem eru að sprengja en allir íbúar orðnir mjög þreyttir á þessu. Hvað er hægt að gera til að fá þá til að hætta þessu. Nemendur telja að umfjöllun á íbúasíðunni séu eingöngu til þess fallin að ýta undir þessa hegðun - athyglin sé eftirsóknarverð. Rætt fram og til baka hvað hægt sé að gera í þessu. Starfsmenn skólans geta ekki leitað á nemendum en það geta foreldrar gert. Þetta er ekki sú ímynd sem við viljum hafa af skólanum.
  3. ÞÓ ræðir umgengni sem hefur versnað eftir að frelsi jókst eftir Covid. Nemendur eru eins og kálfa að vori.
  4. Það kom fram að mikið drasl eru á skólalóðinni, sprengjudót og flöskur og fernur. Góð ábending og það þarf að skipuleggja það að nemendur taki til á skólalóðinni. Við viljum ekki ala börnin okkar upp í því að það séu aðrir sem taka til eftir þau. Einnig ætlar skólastjórinn að vinna í því að fá eftirlitsmyndavélar við skólann. Það hefur sýnt sig að með myndavélum þá minnka skemmdarverk umtalsvert, þannig að þær eru fljótar að borga sig.

Fundi slitið kl. 9:01  
Ritari Vala Nönn